

VSÓ ráðgjöf ehf. fékk nýlega þriðju vottunina á stjórnunarkerfi sitt hjá Vottun hf. Um er að ræða vottun á samræmi kerfisins við kröfur staðalsins OHSAS 18001, sem fjallar um stjórnun heilsu og öryggis á vinnustað. Fyrirtækið hefur rekið vottað gæðastjórnunarkerfi og umhverfisstjórnunarkerfi um árabíl.

VSÓ ráðgjöf ehf. var stofnað 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á áttunda áratugnum var lagt út á nýjar brautir í þjónustunni til að mæta þörfum viðskiptavina. Nú veitir fyrirtækið alhliða verkfræðiráðgjöf og nær vottunin til hönnunar, eftirlits og ráðgjafar á sviði byggingar-, véla- og rafmagnsverkfræði og öryggis-, umhverfis-, samgöngu- og skipulagsmála, auk verkefnastjórnunar, áætlanagerðar og eftirlits með mannvirkjagerð. Nánari upplýsingar um VSÓ ráðgjöf ehf. er að finna á heimasíðu fyrirtækisins, www.vso.is

